Frá menntamálaráðuneytinu

Vélstjórnarkennara vantar að Heppuskóla á Höfn í Hornafirði, til að kenna faggreinar vélstjórnarnáms fyrir 1000 hestafla réttindanám vélstjóra tímabilið janúar-maí 1985.
Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 97-8348.

Menntamálaráðuneytið.

Forstöðumaður óskast

að félagsmiðstöð unglinga, Agnarögn í Kópavogi. Um er að ræða fullt starf. Umsóknareyðublöð liggja frammi á Félagsmálastofnun Kópavogs, Digranesvegi 12. Umsóknarfrestur er til 5. desember. Nánari upplýsingar veitir tómstundafulltrúi í síma 41570.

Félagsmálastofnun Kópavogs.

Arnarflug – Markaðsdeild

Arnarflug hf. mun á næstunni ráða í störf í Markaðsdeild félagsins. Reynsla við hliðstæð störf æskileg. Umsóknir sendist starfsmannahaldi Arnarflugs hf. Lágmúla 7, fyrir 4. desember nk. á umsóknareyðublöðum, sem þar fást.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Innritun nýnema á vorönn 1985.
Innritun í eftirtaldar deildir skólans stendur nú yfir og lýkur 7. desember.

1. Samningsbundnir nemar
2. Rafsuða
3. Grunndeild málmiðna
4. Grunndeild tréiðna
5. Grunndeild rafiðna
6. Framhaldsdeild vélvirkja/rennismíði
7. Framhaldsdeild rafvirkja/rafvélavirkja
8. Framhaldsdeild rafeindavirkja
9. Framhaldsdeild bifvélavirkja
10. Fornám
11. Almennt nám
12. Tækniteiknun
13. Meistaranám

Fyrri umsóknir sem ekki hafa verið staðfestar með skólagjöldum þarf að endurnýja.
Nánari upplýsingar eru gefnar í skrifstofu skólans.
Innritun í einstakar deildir er með fyrirvara um næga þátttöku.

Blikkiðjan

Iðnbúð 3, Garðabæ

Onnumst þakrennusmíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði.
Gerum föst verðtilboð

SÍMI 46711

Rafveitustjóri

Rafveita Borgarness auglýsir stöðu rafveitustjóra. Óskað er eftir að umsækjandi hafi tæknimenntun og fullnægi skilyrðum til háspennulöggildingar. Umsóknir er greini menntun og fyrri störf sendist undirrituðum fyrir 1. des. nk. en hann gefur jafnframt nánari upplýsingar um starfið.

Borgarnesi 23. nóv. 1984
Sveitarstjórinn í Borgarnesi,
Húnbogi Þorsteinsson.

Ljóðverk og önnur verk á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalsstöðum sýna saman, þeir Böðvar Björnsson og Valgarður Gunnarsson. Böðvar sýnir ljóðmyndir og Valgarður myndverk. Ýmislegt er efnilegt í list þeirra og greinilegt að þeir eru langt frá því að tæma hugmyndbanka sína.

Ljóðverk eru ekki óþekkt í myndlist, en þó hefur þeim lítill gaumur verið gefinn. Ég minnist



ljóðverka Guðbergs Bergssonar sem hann sýndi í Súm, í lok 7. áratugarins eða byrjun þess 8. og vöktu athygli manna. Raunar er ekki nema stigsmunur á ljóðverkum á borð við þau sem Böðvar sýnir að Kjarvalsstöðum og konkret-ljóðum sem gefin eru út á bók. Annað flokkast undir myndlist en hitt undir ritlist.

Raunar ættu Íslendingar að gefa meiri gaum að prentuðu eða rituðu máli í myndrænu samhengi. Þar er jú hefð að baki sem ekki er slorleg og sjá má í handritalýsingum ónefndra listamanna, m.a. í Árnastofnun. Ef til vill er það galli á verkum Böðvars að hann notfærir sér ekki nægilega myndræna möguleika málverksins og því verða mörg ljóða hans fremur dautt plagg og hefðu fullt eins getað staðið prentuð á bók.


Ekki geri ég mér grein fyrir því hvern þátt Valgarður hefur átt í gerð þessara ljóða. Ég hef heyrt því fleygt að listamennirnir hafi unnið sumar myndirnar saman, en sel það ekki dýrar en ég keypti. Valgarður er snarpur myndlistarmaður og málverk hans búa yfir næmi og útsjónarsemi. Þó veldur það mér nokkrum vonbrigðum að sjá ekki fleiri stór málverk eftir hann, eitthvað í líkingu við fyrstu myndina á sýningunni (Strákur). Þar sést best hvað í honum býr þegar hann vill það við hafa.

Yfir sýningunni hvílir þó skuggi flumbruskapar, líkt og henni hafi verið hróflað upp í skyndi. Það vantar allar upplýsingar, eitthvað haldbært sem veitt gæti áhorfanda betri innsýn í markmið listamannanna. Þetta dregur annars hugmyndaríka sýningu niður og gerir hana billega á köflum. Sá tími er liðinn að menn geti hróflað upp fyrirvaralaust, nema því aðeins að þeir séu þeim mun snjallari. Það er því fremur sorglegt að horfa upp á jafn ágætt „stöff“ og þeir Böðvar og Valgarður hafa fram að færa, drabbast niður í hirðuleysi. En ef til vill á það að vera partur af „fílingunni“, í anda þess móikana-anarkisma sem einkenndi nýbylgjuna meðan hún var enn glóðvolg.

–HBR



„Það hefur hent okkur“, Ljóðverk eftir Böðvar Björnsson.




Strákur, Ein af myndum Valgarðs.

Sænsk gæðavara

SINGAPORE REKKJAN

Sænsk gæðavara



Í FJÓRUM LITUM

Opið í öllum deildum: mánud.-miðvikud. 9—18, fimmtud. 9—20, föstud. 9—22 og laugard. 9—12

JL húsið



Jón Loftsson hf.
Hringbraut 121 Sími 10600
Húsgagnadeild
Sími 28601

Opið til kl. 10 í kvöld

Opið til kl. 10 í kvöld